


Gengi 213,66	Gengismunur 0%	Umsýsluþóknun 0,45%	Meðallíftími [ár] 5,5	Stærð 292 milljónir
------------------------	--------------------------	-------------------------------	---------------------------------	-------------------------------

GAMMA: INDEX

Vísitölusjóður GAMMA er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011 og sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi. Hann fjárfestir í ríkistryggðum bréfum (íbúðabréfum, ríkisbréfum og verðtryggðum ríkisbréfum) í sömu hlutföllum og samsetning vísitölu íslenska skuldabréfamarkaðarins, GAMMA: Government Bond Index. Sjóðurinn mun því leitast við að fylgja markaðsávöxtun sem best. Hann hentar vel viðskiptavinum sem vilja langtímafjárfestingu í ríkistryggðum skuldabréfum með lágmarkskostnaði.


Vísitölusjóður GAMMA beitir hlutlausri og fyrirfram þekktri fjárfestingarstefnu. Um mánaðamót er eignasafn sjóðsins endurstíllt í samræmi við vigtir skuldabréfavísitölu GAMMA (GAMMA: Government Bond Index). Leitast er við að hafa vigtir í einstökum bréfum ávallt sem næst vísitölunni með $\pm 2\%$ frávik. Innstreymi (nýjar fjárfestingar, vaxtagreiðslur og afborganir) í sjóðinn er fjárfest við fyrsta tækifæri í samræmi við vísitöluna.

Gengisþróun



*Söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.

Söguleg ávöxtun



Fjárfestingarviðmið


Skuldabréf m. ríkisábyrgð:.....100%

Helstu upplýsingar

Rekstrarform:	Verðbréfasjóður
Gjaldmiðill:	ISK
Lágmarksupphæð:	10þ. kr.
Sölutímabil:	Viðskiptadagar fyrir kl.14:00
Gengisuppreikningur:	Daglega í lok dags (T+2)
Skráning:	Rafrænt hjá Verðbréfaskr.
Verðtryggt:	35%
*90 daga flökt:	5,5%
Boðaður meðallíftími:	Sbr. skuldabréfavísit. GBI
Rekstraraðili:	GAMMA
Vörsluaðili:	Kvika
Stofnár:	2010
ISIN kóði:	IS0000019776
Bloomberg auðkenni:	GAMGVBA
LEI númer:	254900V0UNVJKII50A87

*Sveiflur í ávöxtun síðustu 90 daga

Eignaskipting



Árangur sjóðs

	Heildar- ávöxtun	Árleg nafnávöxtun	Árleg raunávöxtun
1 ár	6,8%	6,8%	4,1%
2 ár	21,5%	10,2%	6,9%
3 ár	26,5%	8,2%	5,3%
4 ár	40,9%	8,9%	6,3%
5 ár	45,7%	7,8%	5,4%
FS*	85,1%	7,1%	4,3%

*Frá stofnun

Söguleg ávöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarávöxtun.

GAMMA Capital Management

Reykjavík
Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Sími: 519 3300
gamma@gamma.is

GAMMA

Áhætta

Helstu áhættuþættir fjárfestingar í verðbréfasjóðum eru vaxta-, lausafjár- og mótaðilaáhætta. Mótaðilaáhætta GAMMA: INDEX er takmörkuð þar sem allar eignir eru tryggðar af ríkinu. Dreifing eigna skv. skuldabréfavísitölu minnkar vaxta- og lausafjárahættu. Vaxtaáhætta er nokkur þar sem líftími sjóðsins er u.þ.b. 8 ár og almennrar óvissu gætir um framvindu á skuldabréfamarkaði. Nánari upplýsingar um

Um GAMMA og sjóðsstjóra

Sjóðstjóri er Örvar Snær Óskarsson. Örvar er með B.Sc. gráðu í fjármálaverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík, M.Sc. gráðu í fjármálastærðfræði frá Queen Mary University í London og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Hann hefur starfað á fjármálamarkaði síðan 2009 en áður starfaði Örvar hjá Landsbankanum og Fjármálaeftirlitinu.

Helstu áhættuþættir

- **Mótaðilaáhætta:** Lítil
- **Lausafjárahætta:** Lítil
- **Vaxtaáhætta:** Þónokkur

Skuldabréfateymi

Örvar Snær Óskarsson	Sjóðsstjóri
orvar.oskarsson@jupiter.is	s: 522 0013

Fyrirvari: Umfjöllun þessi felur ekki í sér fjárfestingarráðgjöf eða tilboð eða hvatningu um að eiga viðskipti með verðbréf. Mat, álit og forspár endurspeglar eingöngu skoðanir þeirra starfsmanna GAMMA Capital Management hf. sem vinna umfjöllunina og eru þær settar fram eftir bestu samvisku miðað við útgáfudag og kunna að breytast án fyrirvara. Þó svo upplýsingar þær sem birtast í þessari umfjöllun komi frá heimildum sem við teljum vera áreiðanlegar og þó svo við höfum lagt okkur fram um að tryggja áreiðanleika upplýsinganna á útgáfudegi þá ábyrgjumst við ekki beint eða óbeint notagildi þeirra varðandi forspá um framtíðarárvöxtun eða mat á núverandi verðgildi eða framtíðarverðgildi verðbréfa. Umfjöllunin ætti hvorki að skoðast sem fullnægjandi lýsing á þeim verðbréfum né á þeim mörkuðum sem hér er vitnað til. Skoðanir, sem látnar eru í ljós, kunna að vera ólíkar skoðunum á sama efni sem látnar eru í ljós af öðrum starfsmönnum GAMMA Capital Management hf. og stafar það af því að beitt er mismunandi forsendum eða aðferðafræði. GAMMA Capital Management hf. er rekstrarfélag Verðbréfasjóðs GAMMA Capital Management. Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði. Nánari upplýsingar um áhættu og fjárfestingar má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á heimasíðu GAMMA Capital Management hf. eða á skrifstofu félagsins. Almenn fylgir áhætta fjárfestingu í verðbréfasjóðum og eignarhlutdeild getur rýrnað, aukist eða staðið í stað, m.a. vegna áhættu vegna efnahagsástands, alþjóðlegra fjárfestinga og gengisflöktis gjaldmiðils þegar eignir sjóðs eru í erlendum gjaldmiðlum. Athygli er vakin á því að söguleg árvöxtun gefur ekki vísbendingu um framtíðarárvöxtun.